

að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 3700.00, þar með talinn löghaldskostnaður.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm penna.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhann Helgason, greiði stefnanda, Alvari Óskarssyni, kr. 2600.00 með 7% ársvöxtum af kr. 15.500.00 frá 28. júní 1958 til 23. júlí s. á., af kr. 12.500.00 frá þeim degi til 22. ágúst s. á., af kr. 11.100.00 frá þeim degi til 6. september s. á., af kr. 10.100.00 frá þeim degi til 30. s. m., af kr. 8600.00 frá þeim degi til 1. nóvember s. á., af kr. 5600.00 frá þeim degi til 5. janúar 1959, af kr. 4100.00 frá þeim degi til 2. febrúar s. á. og af kr. 2600.00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 3700.00 í málskostnað.

Framangreint löghald staðfestist fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. júní 1960.

Nr. 61/1958. **Ákærvaldið** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn

Bjarna Ingimarssyni

(Páll Ásgeir Tryggvason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ákæra um fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 10. maí 1958 dómkvaddi sakadómarinn í Reykjavík þá Jónas Sigurðsson og Ingólf Þórðarson, sem eru báðir kennarar í siglingafræði við Stýrimannaskólann í Reykjavík, til að framkvæma sérfræðilega rannsókn um málið að beiðni verjanda ákærða.

Hinir dómkvöddu menn hafa markað staði togara ákærða

samkvæmt mælingum varðskipsins á danskan sjóupprátt nr. 33 með hliðsjón af amerísku landkorti, sem gert hefur verið eftir loftmyndum.

Í fyrsta lagi hafa þeir markað staðina án þess að gera ráð fyrir skekkjum í miðunum og fjarlægðum, er fundnar voru með ratsjá varðskipsins. Samkvæmt því reyndist staður togarans 0.13 sm innan fiskveiðimarkanna kl. 0404 og 0.04 sm fyrir utan fiskveiðimörkin kl. 0413.

Í öðru lagi hafa þeir markað staði togarans á annað eintak af sama sjóupprætti og reiknað með — 1° miðunarskekkju, sem kunnáttumenn, dómkvaddir 9. apríl 1958, höfðu fundið á ratsjá varðskipsins, en engri fjarlægðarskekkju. Reyndist þá staður togarans 0.06 sm innan fiskveiðimarkanna kl. 0404 og 0.16 sm fyrir utan fiskveiðimörkin kl. 0413.

Í þriðja lagi hafa hinir dómkvöddu menn markað staði togarans á þriðja eintak af sama sjóupprætti með tilvísun til athugana, sem gerðar voru í sambandi við hæstaréttarmál, dæmt 7. október 1957, þannig, að reiknað er með $\pm 2\%$ fjarlægðarskekkju og $\pm 2\frac{1}{2}^\circ$ miðunarskekkju. Koma þá fram á upprættinum staðarhyrningar fyrir togarann, og gat staður togarans kl. 0404 samkvæmt því verið frá 0.7 sm innan fiskveiðimarkanna og til 0.38 sm utan marka, en staður togarans kl. 0413 gat verið frá 0.5 sm innan fiskveiðimarkanna til 0.53 sm utan þeirra.

Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur samkvæmt beiðni sækjanda máls þessa markað á tvo danska sjóupprætti, nr. 31 og nr. 33, staði togara ákærða samkvæmt mælingum varðskipsins, í fyrsta lagi án þess að gera ráð fyrir skekkjum í miðunum og fjarlægðum, fundnum með ratsjanni. Reyndist þá staður togarans um 0.2 sm innan fiskveiðimarkanna á upprætti nr. 31 kl. 0404 og tæplega 0.3 sm innan sömu marka á upprætti nr. 33 á sama tíma, en staður togarans kl. 0413 reyndist alveg um fiskveiðimörkin á upprætti nr. 31 og um 0.16 sm innan markanna á upprætti nr. 33 á sama tíma.

Í öðru lagi hefur skólastjórinn markað staði togarans á sömu upprætti þannig, að gert er ráð fyrir — 1° miðunar-

skekkju og 3.75% fjarlægðarskekkju, sem fundin er sem meðaltal af tveimur fjarlægðarskekkjum samkvæmt mælingum þriggja kunnáttumanna, sem dómkvaddir voru hinn 9. apríl 1958. Samkvæmt því reyndist staður togarans um 0.3—0.4 sm utan fiskveiðimarkanna á upprætti nr. 31 kl. 0404 og um 0.2 sm utan markanna á upprætti nr. 33 á sama tíma, en staður togarans kl. 0413 reyndist um 0.5 sm utan fiskveiðimarkanna á upprætti nr. 31 og um 0.35 sm utan markanna á upprætti nr. 33 á sama tíma.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, eru eigi leiddar sönnur að því, að ákærði hafi gerzt sekur um fiskveiðar innan fiskveiðimarkanna, og ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma á hendur rikissjóði allan kostnað af sökinni, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Ingimarsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr rikissjóði, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Egils Sigurgeirssonar, kr. 10.000.00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Páls Ásgeirs Tryggvasonar, kr. 15.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. apríl 1958.

Ár 1958, föstudaginn 11. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1605/1958: Ákæruvaldið gegn Bjarna Ingimarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er Bjarni Ingimarsson, skipstjóri á b/v Neptúnusi, RE 361, til heimilis á Ægissíðu 72, hér í bæ, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920

um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82 8. desember 1952 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum togara aðfaranótt 9. apríl 1958 úti af Herdísarvík innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21 19. marz 1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952.

Ákæríst hann til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. maí 1909 í Fremri-Hnífsdal í Eyrarhreppi. Hinn 11. apríl 1946 var hann með dómsátt sektaður um 20 krónur fyrir ólöglegt bifreiðastæði og hinn 29. desember 1948 var hann einnig með dómsátt sektaður um 500 kr. fyrir brot gegn reglugerð nr. 134/1945. Að öðru leyti hefur hann eigi, svo að kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Samkvæmt skýrslu Þórarins Björnssonar, skipstjóra á varðskipinu Ægi, eru málavextir þessir:

Aðfaranótt 9. þ. m. var varðskipið stutt úti af Selvogi. Kl. 0404 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun með ratsjá og gíróáttavita: Selvogsviti réttvísandi 013 gr., fjarlægð 2.6 sjómíllur. Miðaðist þá togarinn Neptúnus, RE 361, í réttvísandi 259 gr., fjarlægð 6.2 sjómíllur. Gefur þessi mæling stað togarans 0.37 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna. Siglt var í áttina að togaranum, og kl. 0413 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Selvogsviti réttvísandi 036½ gr., fjarlægð 3.7 sjómíllur. Togarinn miðaðist þá réttvísandi 259½ gr., fjarlægð 5.1 sjómíllur. Gefur þessi mæling stað togarans um 0.19 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 0419 sneri togarinn út um, en áður hafði hann haldið NV-læga stefnu, og sást alltaf aftan á hann frá varðskipinu, þangað til hann sneri. Kl. 0441 kom varðskipið að togaranum, og var dufl sett út við afturenda hans. Verið var þá að innbyrða stjórnborðsvörpu togarans. Sáust á báðum vörpuhlerum netatægjur, og einn fiskur hékk í hvorum hlera. Netadufl var í vörpunni, en losnaði, þegar hún var tekin inn. Ákærði var sóttur yfir í togarann og honum tilkynnt, að hann hefði mælt fyrir innan fiskveiðitakmörkin. Kvaðst ákærði hafa verið sofandi, en stýrimaðurinn hefði verið að toga. Var stýrimaðurinn þá sóttur og honum bent á staðarákvarðanir varðskipsins. Eigi viðurkenndi hann að hafa verið innan fiskveiðitakmarkanna, kvaðst hafa togað með línunni. Beðið var birtingar með að mæla stað duflsins, en mæling

Þess staðar með gíróáttavita og sextant var: Geitahlíðarfjall miðaðist réttvísandi 343½ gr., hornið í Geitafelli 58 gr. 10 mínútur, dýpi 110 metrar. Gefur mælingin stað duflsins um 0.55 sjóm. utan fiskveiðitakmarkanna. Ákærða var tilkynnt, að farið yrði með hann til hafnar til rannsóknar í máli hans, hann og stýrimaður fluttir yfir í togarann, og kl. 0704 var duflið tekið upp og haldið til Reykjavíkur.

Veður var SA-andvari, sjór 1, gott skyggni.

Fyrstu mælinguna gerðu skipherra og II. og III. stýrimaður varðskipsins, en hinar gerðu þeir sömu ásamt I. stýrimanni.

Mælingar hafa stýrimenn varðskipsins staðfest, en III. stýrimaður skýrði svo frá, að við tvær síðari mælingarnar hafi hann haft það hlutverk að skrifa mælinguna. Allir hafa stýrimennirnir auk skipherra staðfest skýrslur sínar með eiði.

Ákærði skýrði svo frá, að um kl. 0130 í fyrrinótt hafi togarinn verið úti á Hrauni, sem kallað er, og hafi hann (ákærði) þá farið að sofa, en áður hafi hann lagt fyrir I. stýrimann, Hjalta Gíslason, að sigla á þær slóðir, sem togarinn var tekinn á, og toga þar, en gæta þess, að fara ekki inn fyrir fiskveiðitakmarkalínuna. Eigi hefur ákærði bent á þann stað, sem togarinn var á kl. 0130, heldur nokkurt svæði, sem hann hafi þá verið á. Hann markaði þá stefnu, sem sigla skyldi, en man eigi, hver hún var. Lét hann svo stýrimanninn um áframhaldið og gekk til hvílu.

Stýrimaðurinn hefur staðfest, að þessi skýrsla ákærða sé rétt varðandi sig. Segir hann togarann hafa verið staddan fyrir utan Hraun, þegar ákærði gekk til hvílu, og hafi engin staðarákvörðun verið gerð þar. Stýrimaður kveðst hafa siglt að fyrirmælum ákærða með um 10 sjómílna hraða á klukkustund norður í svo-kallaða Selvogsför, kastað þar vörpunni um kl. 0250 í VNV, en haldið síðan, þegar byrjað var að toga, í NV a V í 25 mínútur. Breytti þá um stefnu í VNV og kveðst munu hafa togað í þá stefnu í 48 mínútur. Varð þess þá var, að kominn var harður botn, og tók stýrimaður þá stýrið hart í bak til þess að komast hjá — ef unnt væri — að festa vörpuna. Meðan skipið var að snúast, festist varpan, og var þá snúið við og hún andæfð upp. Segir stýrimaður þá hafa verið úti 275 faðma togvirs, og er það staðfest af II. stýrimanni og háseta. Strax og varpan losnaði úr botni, var hún dregin upp, og voru þá netadruslur á vörpuhlerunum. Þegar verið var að innbyrða fiskinn úr vörpunni, sá stýrimaður varðskipið sigla framan við togarann, nálægt honum.

Höfðu varðskipsmenn, sem settu í þessum svifum út dufl við togarann, samband við togarann, og var kærði þá vakinn, og kom hann þá upp. Stýrimaðurinn skýrir svo frá, að þegar hann kastaði vörpunni, hafi hann tekið ratsjarmælingu á Selvogsvita, og hafi fjarlægðin verið 6.0 sjómílar og stefna frá vitanum að skipinu SV ½ V. Eftir 25 mínútna togið, sem áður var nefnt, gerði hann aðra ratsjarmælingu í landið vestan til við Herdísarvík, austan Seljabótar, og var fjarlægðin rúmlega 6.2 sjómílar, en eigi veit hann, hver stefnan var á þennan mælistað. Honum þótti skipið hafa borizt nær landi en hann ætlaðist til, og þess vegna breytti hann um stefnuna, eins og áður segir. Eftir það kveðst hann hafa fylgzt með landinu í ratsjanni, meðan togað var, og virtist skipið vera yfir hálfu sjómílu utan fiskveiðitakmarkalínunnar. Meiru en þessu munaði þó, þegar stefnunni var breytt, en eftir það nálgadist skipið landið nokkuð. Við þessar fjarlægðarathuganir var stýrimaður einn, og eru þær því eigi studdar neinum vitnum, en í leiðarþók togarans er þess getið, að kl. 02.50, þegar kastað var, hafi fjarlægðin verið 6.0 sjómílar SV ½ V frá Selvogsvita. Þar, sem vörpunni var kastað, var, að sögn stýrimanns, 70 faðma dýpi, en var síðan í toginu nokkuð breytilegt. Var fyrst í stað 70 faðmar, en síðan grynnti hægt og þar, sem duflið var sett út, var dýpið 62 faðmar.

Í rannsókn málsins hefur af ákærða hálfu verið lögð áherzla á, að þegar hann og stýrimaður togarans komu yfir í varðskipið um nóttina, hafi einhver yfirmanna þar bent þeim á merktan stað á vinnukorti varðskipsins og sagt þeim, að það væri staður duflsins, allmiklu nær landi en mælingin, sem gerð var, eftir að birti, sýndi. Skipherra varðskipsins kveðst eigi hafa bent á slíkan stað, en II. stýrimaður varðskipsins man eftir einhverju bráðabirgðakroti á kortinu og að ákærði og stýrimaður togarans sáu kortið með því á. Heldur skipherra því fram, að meðan dimmt var, hafi eigi verið unnt að mæla með öryggi stað duflsins, vegna þess að viðhlítandi mælistaður á landi hafi ekki náðst. Verður eigi séð, að þetta atriði geti neinu valdið um úrslit máls þessa. Mæling duflsstaðarins, sem gerð var, eftir að birti, er óvefengd, og mælingarnar kl. 0404 og 0413 voru gerðar á allt öðrum stöðum og eru óháðar mælingunni á stað duflsins. Annars er það um stað duflsins að segja, að hann virðist samkvæmt mælingunum vera nokkru nær landi en 0.55 sjóm.

Dómurinn kvaddi þrjá kunnáttumenn til að athuga ratsjár

beggja skipanna og giróáttavita varðskipsins, einkum mælihæfni þeirra, og komust þeir að þeirri niðurstöðu að ástand tækjanna í báðum skipunum, væri í mjög góðu lagi.

Dómurinn telur, að þar sem mælitæki varðskipsins eru í góðu ástandi og ekkert hefur komið fram, sem rýri gildi staðarmælinga varðskipsforingjanna, verði að byggja á þeim mælingum og telja sannað, að togarinn hafi verið á þeim stöðum, sem mælingarnar sýna, og að botnvörpuveiðum, svo sem viðurkennt er. Varðar þessi verknaður við þau lagaákvæði, sem talin eru í ákæru. Að vísu er fram komið, að ákærði hafi verið sofandi, þegar brotið var framið, en eigi getur það leyst hann undan refsíabyrgð á því.

Samkvæmt þeim refsíákvæðum, sem í ákæru eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar togarans, 684 brúttó rúmllestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Auk þess skulu allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Neptúnusar, RE 361, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þenna kveða upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson, skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Ingimarsson, greiði 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Neptúnusar, RE 361, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.